Umhverfisstofnun
Áb. BS
02 APR. 2007
54.55
Tilv. UST20070300211

UST
Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland
(+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. apríl 2007
Tilvísun: UST20070300211/bs

**Ölduvari við Kársnes, Kópavogsbæ. Umsögn um matsskyldu.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.
Umhverfisstofnun gaf í bréfi dags. 6. nóvember 2006 umsögn um ofangreindan ölduvara. Í þeirri umsögn segir m.a.: *"Fyrirhugað framkvæmdasvæði er hvorki friðlýst né á náttúruminjaskrá. Umrætt svæði er hins vegar innan þess svæðis sem friðslýsa skal samkvæmt Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Þeim hluta Skerjafjarðar sem hér um ræðir hefur þegar verið raskað að mestu leyti með hafnarframkvæmdum og grjótgörðum. Bygging ölduvara við smábátahöfnina mun því ekki hafa neikvæð áhrif á fjörur eða grunnsævi í sunnanverðum Fossvogi."*
Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að bygging ölduvara við Kársnes muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson

Helgi Jensson
Forstöðumaður